

FUNDARGERÐ STJÓRNAR

412. fundur

Stjórnarfundur SORPU bs. (kt. 510588-1189) haldinn á skrifstofu Kópavogsbæjar, Digranesvegur 1, 200 Kópavogur þann 02.09.2019, kl.10:30.

Fundarstjóri: Birkir Jón Jónsson stjórnarformaður

Mættir:

Birkir Jón Jónsson, Líf Magneudóttir (í símasambandi), Ágúst Bjarni Garðarsson, Jóna Sæmundsdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir. Bjarni Torfi Álfþórsson boðaði forföll. Björn H. Halldórsson framkvæmdastjóri og Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri.

Tekið fyrir:

1. Endurskoðuð fjárfestinga- og fjármögnunaráætlun

Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir drög að endurskoðaðri fjárfestinga- og fjármögnunaráætlun fyrir árið 2019-2023. Jafnframt lögð fram greinargerð/minnisblað um breytingar á fjárfestingaráætlun og breytta fjármögnun. Jafnframt lagt fram minnisblað fjármálastjóra sveitarfélaganna um sama málefni.

„Stjórn SORPU bs., samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga allt að fjárhæð 990 mkr., til 15 ára. Er lánið tekið til að fjármagna viðbótarkostnað við byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar í Álfsnesi, ásamt nauðsynlegum tækjabúnaði. Verkefnið fellur undir lánshæf verkefni, sbr. 3.gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Birni H. Halldórssyni, kt. 241262-5299, framkvæmdastjóra SORPU bs., veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. SORPU bs., að undirrita lánasamning við Lánasjóð sveitarfélaga og til að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu þessa láns ásamt vöxtum og kostnaði stendur einföld ábyrgð eigenda SORPU bs, þ.e.a.s. sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Framkvæmdastjóra er falið að óska eftir samþykktum sveitarfélaganna í samræmi við kröfur sjóðsins.“

Stjórn felur framkvæmdastjóra jafnframt að óska eftir framlengingu á tveimur lánnum hjá Íslandsbanka:

Björn H. Halldórsson
K.G.P. [Signature]

Langtímalán 1.000 milljónir, framlenging úr 6 árum í 15 ár.
Framkvæmdalán, 500 milljónir verði framlengt um tvö ár.

Ljóst er að fara þarf yfir verkferla félagsins og í því ljósi er formanni og varaformanni stjórnar falið að fá óháðan aðila til að framkvæma úttekt á starfsemi félagsins og leggja tillögur þar að lútandi fyrir næsta fund stjórnar.
Samþykkt samhljóða.

2. Forsendur rekstraráætlunar 2020 - 2024

Framkvæmdastjóri kynnir drög að forsendum rekstraráætlunar 2020 – 2024. Jafnframt eru lögð fram fyrstu drög að rekstraráætlun fyrir rekstur endurvinnslustöðvanna og grenndargámakerfisins. Málið rætt. Framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að málinu.

3. Bréf Landslaga til LOGOS vegna kröfu ÍAV

Lagt fram bréf Landslaga, dagsett 28. ágúst 2019 vegna kröfu ÍAV vegna útboðs á byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar. Málið rætt. Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram með LOGOS og embætti borgarlögmans.

4. Bréf Vestmannaeyjabæjar með ósk um áframhaldandi móttöku úrgangs

Lagt fram bréf Vestmannaeyjabæjar dagsett 1. september þar sem óskað er eftir því að SORPA haldi áfram móttöku úrgangs frá Vestmannaeyjabæ. Um er að ræða ólífrænan heimilisúrgang og litað timbur. Bærinn stefnir að uppsetningu brennslustöðvar fyrir árið 2021. Málið rætt. Stjórn veitir framkvæmdastjóra heimild til að semja við Vestmannaeyjabæ um móttöku á úrgangi til 31.12.2020.

Næsti fundur

Næsti fundur ákveðinn þann 27. september 2019.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan: 11:10

Fundarritari: Guðrún Eva Jóhannesdóttir

T. Björk Jón Jónsson
Kolbrún G. Þorsteinsdóttir
Sigrún Elva Jónsson
Jóna Guðrún Jónsdóttir
Guðrún Eva Jóhannesdóttir